

Kæri bæjarstjóri, ágætu bæjarfulltrúar og aðrir sem á heyra.

Ég heiti Salka Brynjarsdóttir og er fulltrúi tónlistarskólans til ungmennaráðs.

Málþing ungmenna var haldið í Þorpinu um daginn. Þar komu saman ungmenni úr miðstigi og unglíngastigi úr báðum grunnskólunum til að ræða saman um bæinn okkar. Þar kom fram margt gott og margt sem mætti bæta. Hér er ég í dag til að tala um umhverfismál Akraness.

Síðustu árin höfum við sem bær lagt mikið úr því að gera flott útisvæði hér á Akranesi sem krakkar geta leitað í og leikið sér úti, en því miður er mjög takmörkuð notkun á þeim þar sem mörg útisvæðin eru mjög háð góðu veðri.

En við búum á Íslandi þar sem vetrar mánuðirnir eru margir og þar sem við erum heilsueflandi samfélag þá er því ábótavant að hafa góð vetrar úti svæði. Á málþinginu kom fram, að aðeins er einn almennilegur hóll sem hægt er að renna sér niður á veturna en það er Mikka hólinn sem er uppi á efriskaga hjá skógræktinni og golfvöllinum. Það svæði er löngu sprungið og getur ekki stutt fjöldan sem sækir afþreyingu þangað, þetta getur skapað mikla slyshættu og sérstaklega á tímum heimsfaraldra myndað mikla hópun fólks á litlu svæði.

Þetta mætti klárlega bæta fyrir komandi kynslóðir. Hægt er að bæta úr þessu með því að annaðhvort stækka núverandi hólinn og/eða toppinn á þeim hól svo fleiri geta rennt sér í einu þar sem þessi hóll er á frábærum stað þar sem ekki er mikil umferð, mikið pláss og graslendi er fyrir neðan hólinn, eða gera annan hól á öðrum stað til að dreifa álaginu, það væri tilvalið að staðsetja hann á öðrum stað á Skaganum svo það myndi auðvelda aðgengi fyrir þá sem búa langt frá núverandi hól.

Skógræktin okkar er tilvalin fyrir fjölbreyttara og nothæfara vetrar útisvæði, þar væri hægt að vinna með núverandi markaðsetningu Skagans og notað hana sem aðdráttarafl fyrir fjölskyldur og einstaklinga sem vilja getað komið saman og notið sín á veturna. Þar er hægt að fara saman í göngutúr og leikið sér í skjóli frá rokinu sem hrjáir okkur oft á veturna. Þar er hægt að renna sér og væri hægt að fara á skauta ef tjarnirnar væru undibúnar í það þegar fer að skella á vetur, hindrunin hefur oft verið gróðurinn sem er eftir sumarið, ef passað er að hafa tjarnirnar vel hirtar þannig að gróðurinn hrjái ekki þá sem ætla að skauta þá er þar komið hið finasta skautasvell þegar veður leyfir. Þetta fannst krökkkunum á málþinginu vanta á veturna og fremur auðvelt í framkvæmd.

Einnig langaði mig til að koma inn á punkt sem hún Helena talaði um árið 2020 og minna á mikilvægi þess að koma upp grenndarstöðvum hér á Akranesi. Grenndarstöðvar eru tunnur

þar sem fólk getur losað sig við tilfallandi sorp sem ekki má setja í almennar flokkunartunnur, eins og t.d glerkrukkur, nytjavörur, flöskur, pappír o.s.frv.

Á höfuðborgarsvæðinu eru 85 grenndarstöðvar, þar af 57 í Reykjavík, þannig að á öllu höfuðborgarsvæðinu er ein grenndarstöð á hverja 2.700 íbúa og í Reykjavík eru það ein grenndarstöð á hverja 2.300 íbúa.

Hér á Akranesi væri tilvalið að setja upp svona stöðvar þar sem fólk er að flokka og vill vera duglegt. Ef við myndum opna þrjár grenndarstöðvar myndi það gera eina grenndarstöð á hverja 2.500 íbúa á Akranesi.

Mér finnst vera löngu komin tími til að bæta þessu við í bæinn okkar þar sem það er okkar sameiginlega ábyrgð að hugsa vel um jörðina okkar.

Takk fyrir mig.